

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001,
um gerð og búnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina er felldur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 653, 5. september 2002, um breytingu á reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

15. október 2002

Nr. 739

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

A. Breytt deiliskipulag við Klettaborg.

Eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi, sem samþykkt var 20. febrúar 2001, hafa verið samþykktar í bæjarstjórn:

1. Ákvæði um hæð einbýlishúsa syðst og vestast var breytt úr 2¹/₂ hæð í 2 hæðir.
2. Nýtingarhlutfall lóða fyrir tveggja hæða einbýlishús var hækkað í 0,5.
3. Raðhúsaloð B var stækkuð til vesturs, húsum fjölgað og skipulagi opins svæðis vestan lóðarinnar breytt.
4. Húsgerð á lóð A var breytt í tveggja hæða, fjögurra íbúða fjölbýlishús.

Breytingarnar hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytt deiliskipulag er sett fram á uppdráttum og greinargerð, dags. 10. september 2002, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var 20. febrúar 2001.

Akureyrarbær lýsir því yfir að hann tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytinga skv. liðum 1, 3 og 4.

B. Breytt deiliskipulag við Furulund.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. september 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi reits við norðurenda Furulundar, sem felst í því að þar verði byggð þyrping einnar hæðar raðhúsa í stað atvinnuhúsnæðis. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði deiliskipulags frá 19. september 1989 sem varða þennan reit.

Akureyri, 15. október 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.